

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 12. febrúar 2021 í máli nr. 103/2020

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Ívar Halldórsson lögfræðingur og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 2. október 2020 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili telur að blu-ray spilari sem hann keypti af varnaraðila hafi verið haldinn galla og krefst aðallega riftunar en til vara nýrrar afhendingar. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með bréfi, dags. 5. október 2020, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust til nefndarinnar þann 5. október 2020. Athugasemdir bárust í kjölfarið frá sóknaraðila þann 9. október 2020. Nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara og athugasemda sóknaraðila, staðfesting á kaupum þeim sem deilt er um, afrit af skriflegum samskiptum milli sóknaraðila og varnaraðila og afrit af yfirlýsingu frá framleiðanda.

Með bréfi, dags. 27. nóvember 2020, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Sóknaraðili festi kaup á blu-ray spilara, af gerðinni Samsung, af varnaraðila þann 29. janúar árið 2017 fyrir 19.495 krónur. Í ágúst árið 2020 bilaði spilarinn með þeim hætti að hann endurræsir sig sjálfkrafa með stuttu millibili. Gerist það svo ört að sögn sóknaraðila að valmyndin birtist ekki nægilega lengi á sjónvarpsskjánum til að unnt sé að breyta stillingum í því skyni að reyna að lagfæra hann. Sóknaraðili hafði samband við varnaraðila í september árið 2020 og tilkynnti um bilunina. Sóknaraðili telur að spilarinn sé haldinn galla en varnaraðili hefur ekki fallist á það.

3.1. Sjónarmið sóknaraðila

Sóknaraðili tekur fram að spilarinn hafi ávallt verið notaður hóflega og ekki orðið fyrir hnjaski. Sóknaraðili bendir á að aðrir kaupendur slíkra spilara hafi einnig orðið varir við sömu bilun á svipuðum tíma líkt og sjá megi af umræðum á internetinu. Í umfjöllunum á þeim vefsíðum sem sóknaraðili vísar til segir sóknaraðili að lýst sé nákvæmlega sömu frávikum í sömu gerð spilara, sem komu upp á sama tíma. Bendir sóknaraðili á grein á vefsíðu frá því í júlí árið 2020 þar sem segir: „Since the middle of last month, thousands of Samsung customers found their older internet-connected Blu-ray players had stopped working.“ Orsökina sé hugsanlega misheppnuð hugbúnaðaruppfærsla en það hafi þó ekki

verið staðfest. Telur sóknaraðili að bilun spilarans hafi getað komið upp í júní, þrátt fyrir að hann hafi uppgötvað hana í ágúst, vegna mikilla ferðalaga um sumarið. Sóknaraðili bendir einnig á að framleiðandi spilarans hafi viðurkennt vandamálið og leggur fram yfirlýsingu frá framleiðanda af vefsíðu hans.

Sóknaraðili telur að spilarinn sé haldinn galla og að fimm ára kvörtunarfrestur samkvæmt 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup eigi við í málinu, enda eigi slíkur spilari að endast lengur en aðeins tvö ár.

3.2. Andsvör varnaraðila

Varnaraðili bendir á að erfitt sé að rekja bilun til framleiðslugalla þegar söluhlutur hefur virkað án vandkvæða í um fjögur ár. Ef um galla væri að ræða telur varnaraðili að hann hefði komið fram mun fyrr. Að mati varnaraðila hefur sóknaraðili ekki sýnt fram á að spilarinn hafi verið haldinn galla við kaupin. Þá bendir varnaraðili á að þrátt fyrir að fimm ára kvörtunarfrestur yrði talinn eiga við í málinu breyti það því ekki að sóknaraðili þurfi að sýna fram á að spilarinn hafi verið haldinn galla við kaupin. Varnaraðili telur að um slit sé að ræða eða bilun sem verði ekki rakin til galla í skilningi laga.

IV

Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Sóknaraðili keypti blu-ray spilara, af gerðinni Siemens, af varnaraðila þann 29. janúar árið 2017 fyrir 19.945 krónur. Í september árið 2020, eða um þremur árum og átta mánuðum síðar, tilkynnti sóknaraðili varnaraðila um bilun spilarans.

Ákvæði 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (hér eftir nkpl.) mælir fyrir um hámarks tilkynningarfresti neytenda vegna galla á söluhlut. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutnum var veitt viðtaka. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma. Frestir skv. 1. og 2. másl. eiga ekki við ef um er að ræða galla skv. g-lið 2. mgr. 15. gr.“

Þar sem tveggja ára frestur sóknaraðila til að bera fyrir sig galla er liðinn þarf að meta hvort umræddur blu-ray spilari geti talist söluhlutur sem „er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti“ í skilningi framangreindrar 2. mgr. 27. gr. Í skýringum við ákvæðið, sem fylgdu með frumvarpi til nkpl. segir m.a. um þetta atriði að líta þurfi til þess hvers neytandi mátti vænta við kaup á slíkum hlut. Framleiðendur söluhluta hafi ólík markmið við framleiðslu hluta hvað varðar endingartíma sem endurspeglast meðal annars í verði söluhlutar. Kaupverð söluhlutar getur því verið viðmið um gæði hlutarins og endingu. Líftími söluhluta getur hins vegar verið mismunandi og erfitt að slá honum föstum.

Umræddur blu-ray spilari var keyptur á 19.945 krónur þann 29. janúar árið 2017. Verður ekki séð að um söluhlut sé að ræða sem hafi verið „ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti“ í skilningi 2. mgr. 27. gr. nkpl. Frestur

sóknaraðila til að tilkynna varnaraðila um galla var því liðinn þegar sóknaraðili tilkynnti honum um bilun spilarans.

Samkvæmt 4. mgr. 27. gr. nkpl. glatar neytandi rétti sínum til að bera fyrir sig galla ef hann ber hann ekki fyrir sig innan tímamarka 2. mgr. 27. gr. nkpl. Krafa sóknaraðila er því of seint fram komin en nefndin tekur ekki afstöðu til kröfunnar að öðru leyti.

Verður því að hafna kröfu sóknaraðila.

V

Úrskurðarorð

Kröfu sóknaraðila, X, er hafnað.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson